



Alþingi
Erindi nr. P 138/2621
komudagur 1.6.2010

Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 28.05.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, þskj. 901 – 514. mál.**

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, þskj. 901 – 514. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.

Landsvirkjun fagnar framkomnu frumvarpi og telur það löngu tímabært. Breytingin setur stjórnslunni skýrari mörk og stýttir tíma réttaróvissu í málum sem upp kunna að koma.

Að mati Landsvirkjunar er þriggja mánaða tími til þess að kveða upp úrskurð frá því að kærufrestur rennur út meira en fullnægjandi. Dugir sá tími vel þó að mál sé umfangsmikið. Í minni málum á auðveldlega að vera unnt að kveða upp úrskurð innan mánaðar. Landsvirkjun leggur því til að seinni setningin í 1. gr. frumvarpsins (4. mgr. 14. gr.) falli brott. Ef vilji er hins vegar fyrir því að heimila lengingu þriggja mánaða frestsins, sem Landsvirkjun sér ekki að þörf sé fyrir, er æskilegt að sá viðbótarfrestur verði mjög stuttur og alls ekki lengri en einn mánuður. Afar óheppilegt og ósanngjarnt er fyrir þann sem bíður úrskurðar að þurfa að sætta sig við óvissu um niðurstöðu máls í allt að hálf ár, eins og frumvarpið gerir nú ráð fyrir. Slíkt flokkast með engum hætti undir skilvirka stjórnslu í opnu nútíma upplýsingasamfélagi.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri